

Málsnúmer: 2601191

Móttakið: 31.1.2026

Styrkumsókn - Menningar- og ferðamáli

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda

Þórunn Elva Þorgeirsdóttir

Kennitala

1702892429

Heimilisfang

Hraunteigi 19

Póstnúmer

105

Staður

Reykjavík

Netfang

thorunn@totalevents.is

Símanúmer

6924516

Ef sótt er um fyrir félagasamtök/fyriræki tilgreinið nafn og kennitölu þess

Orig ehf 500121410

Samstarfsaðilar

Blue og Elko

Heiti verkefnis

Future

Lýsing verkefnis eða viðburðar

Þórunn Elva heiti ég og er framleiðandi Future - sýningar sem að Jóel Sæmundsson leikari hefur þróað. Þetta er grín- fyrirlestrar/uppistands/leiksýning sem er byggð á fyrirlestrum sem hann hefur haldið í yfir 300 fyrirtækjum við frábærar undirtektir. Verandi sjálfur utan að landi þá langar hann að fara með sýningarnar sínar í alla bæi á Íslandi sem að hafa 200 eða fleiri bæjarbúa. Að ferðast um með svona sýningu er kostnaðarsamt þar sem að það fer kostnaður í ferðalagið, leigu á húsnæði, gistingu, tæknimann, framleiðanda sem sér um skipulag, utanumhald, vefsíðugerð, uppsetningu og aðra hluti til þess að láta svona sýningu verða að veruleika.

Þar sem að sýningin er ný af nálinni og ekki er endilega vitað hversu margir sækja sýninguna í hverju bæjarfélagi sækjum við um annað hvort styrk til þess að koma með sýninguna til ykkar eða að fá afnot af félagsheimili eða annars konar húsnæði sem að myndi henta í svona viðburð.

Best væri ef að það væri svið og helst skjár/skjávarpi en ef ekki þá græjum við það.

Svo væri gott ef að t.d íþróttafélag eða félagasamtök vilji taka á sig að vera með áfengissölu gegn því að taka ágóðan af sölnni og sé þá þannig smá "win win" fyrir alla.

Hægt er að skoða síðuna hans hér:

<https://www.facebook.com/profile.php?id=61586536871788>

Og hér er heimasíðan hans þar sem að miðasala fer fram.

www.joels.is

Samfélagslegt gildi verkefnis eða viðburðar

Jóel hefur haft þann draum lengi að ferðast um landið með þessa sýningu svo að fólk sem alla jafna sækir ekki

viðburði í stærri borgir megi njóta þess að fá eitthvað heim í bæ.

Samfélagslegt gildi verkefnisins er að koma fólki til þess að hlæja, njóta góðrar kvöld stundar með vinum og vandamönnum á sínum heimaslóðum en skilur líka eftir sig góðar minningar og hjartað í sýningunni er "að lífið er núna í dag, ekki á morgun".

Sýningin er þess eðlis að fólk þarf að sjá hana til þess að skilja en eina sem ég get lofað er mikill hlátur.

Áætlaður kostnaður og hvernig tilkominn

Allur kostnaður er bundinn við fjarlægð frá Reykjavík og því erfitt að segja til um "almennar tölur".

Bensín: til og frá Reykjavík

Gisting: Þegar hann fer yfir 4-5 tíma ferðalag frá Reykjavík kýs hann að gista og keyra til baka daginn eftir

Matur: uppihald yfir daginn

Tæknimaður: Við reynum alltaf að finna einhvern local í þetta verkefni, ef það gengur ekki upp fer manneskja með honum frá RVK í þessa ferð sem þiggur þá laun/gistingu/uppihald í ferðinni.

Jóel er styrktur af Blue, bílaleigu en þau lögðu til lánsbíl á meðan verkefninu stendur. Hann stendur sjálfur straum af bensíni/km gjaldi og uppihaldi bílsins að öðru leyti.

Hann er styrktur af Elko gegn auglýsingu sem að lagði til tölvu og skjávarpa til afnota á stöðum sem bjóða ekki upp á skjávarpa/tjald.

Að öðru leyti þiggur hann ekki styrki í formi samstarfa.

Áætlaðar tekjur og hvernig tilkomnar

Selt er inn á viðburðinn en miðaverði er haldið í hófi svo að það komist sem flestir en á sama tíma sé hægt að keyra verkefnið af stað hvort sem að það mæti 25 manns eða 100 manns á sýningu.

Miðaverð er 6490kr.

Umbeðin styrkupp hæð

80000

Fylgigögn

Um umsóknina

Staðfestingarnúmer: 1080

Staðfestingarmáti: Rafræn skilríki í farsíma

Dagsetning: 31.1.2026 18:22:55